

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 170/2004**

**frá 3. desember 2004**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2004 frá 29. október 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/332/EB frá 2. apríl 2004 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 8a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„8b. **32004 D 0332**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/332/EB frá 2. apríl 2004 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (Stjtíð. ESB L 105, 14.4.2004, bls. 39).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/332/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 105, 14.4.2004, bls. 39.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*                      *M. Brinkmann*